

**2018 nr. 85 25. júní****Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna**

Tóku gildi 1. september 2018.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið, markmið og orðskýringar.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

□ Lög þessi taka ekki til mismunandi meðferðar einstaklinga á grundvelli ríkisfangs eða ríkisfangsleysis. Enn fremur ganga lög þessi ekki framár ákvæðum laga sem binda réttindi einstaklinga við búsetu þeirra hér á landi. Þá gilda löggin ekki á sviði einka- og fjölskyldulífs.

**■ 2. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að vinna gegn mismunum og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

**■ 3. gr. Orðskýringar.**

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Jöfn meðferð*: Þegar einstaklingum er hvorki mismunad beint né óbeint vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.

2. *Bein mismunum*: Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.

3. *Óbein mismunum*: Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur verr við einstaklinga vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna borið saman við aðra einstaklinga nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögsmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar.

4. *Áreitni*: Hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misþjóa virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna.

5. *Sértækar aðgerðir*: Sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu einstaklinga á þeim sviðum þar sem á þá hallar, utan vinnumarkaðar, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í því skyni að stuðla að jafnri meðferð.

**II. kafli. Stjórnarsýsla.****■ 4. gr. Yfirstjórn.**

□ Ráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum.

**■ 5. gr. Jafnréttisstofa.**

□ Jafnréttisstofa annast framkvæmd laga þessara og skal 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við getur átt, þar með talið ákvæði 5.–11. mgr. um dagsektir.

**■ 6. gr. Kæruheimild.**

□ Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin gagnvart sér geta í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna, eftir því sem við á, leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Skulu

5.–7. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við getur átt.

**III. kafli. Bann við mismunum.****■ 7. gr. Almenn.**

□ Hvers kyns mismunum á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, hvort heldur bein eða óbein, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna er óheimil, sbr. einnig lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fyrirmæli um mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna teljast einnig mismunum samkvæmt lögum þessum sem og áreitni þegar hún tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna.

□ Ákvæði í samningi sem fela í sér mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna eru ógild.

**■ 8. gr. Bann við mismunum í tengslum við félagslega vernd.**

□ Hvers kyns mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í tengslum við heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu er óheimil. Hið sama gildir um mismunum í tengslum við aðgang að almannatryggingakerfinu og öðrum félagslegum kerfum, svo sem atvinnuleysistryggingakerfinu og fæðingarorlofskerfinu.

**■ 9. gr. Bann við mismunum í tengslum við vörukaup og þjónustu.**

□ Hvers kyns mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í tengslum við aðgang að eða afhendingu á vöru er óheimil. Hið sama gildir um þjónustu og aðgang að þjónustu og jafnframt um húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Ákvæði þetta gildir þó ekki um viðskipti á sviði einka- og fjölskyldulífs.

**■ 10. gr. Bann við mismunum í skólum og á uppeldisstofnunum.**

□ Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers kyns mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

□ Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunad á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna og þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar.

**■ 11. gr. Auglýsingar.**

□ Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

**■ 12. gr. Frávik vegna sértækra aðgerða.**

□ Sértækar aðgerðir, sbr. 5. tölul. 3. gr., ganga ekki gegn lögum þessum.

**■ 13. gr. Vernd gegn óréttri.**

□ Óheimilt er að láta einstaklinga gjalda þess að kvartað hafi verið undan eða kærð mismunum vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna eða krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

□ Eigi ætlað brot skv. 1. mgr. sér stað meira en einu ári eftir að kvörtun, kæra eða krafa um leiðréttingu kom fram á grundvelli laga þessara verður þó ekki litið svo á að um brot skv. 1. mgr. hafi verið að ræða.

**■ 14. gr. Bann við afsali réttinda.**

□ Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

**■ 15. gr. Sönnunarbyrði.**

□ Ef leiddar eru líkur að því að mismunun samkvæmt ákvæðum laga þessara hafi átt sér stað skal sá sem talinn er hafa mismunað sýna fram á að ástæður þær sem lágu til grundvallar meðferðinni tengist ekki kynþætti eða þjóðernisuppruna.

**IV. kafli. Viðurlög.****■ 16. gr. Bætur fyrir fjártjón og miska.**

□ Sá sem með sagnæmum og ólögumætum hætti brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna fjártjóns og miska samkvæmt almennum reglum.

**■ 17. gr. Sektir.**

□ Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál er varða brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti laga um meðferð sakamála.

□ Sektir renna í ríkissjóð.

**V. kafli. Önnur ákvæði.****■ 18. gr. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð<sup>1)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem varðandi útfærslu á banni við mismunun í skólum og uppeldisstofnunum, starfsemi kærunefndar jafnréttismála eða starfsemi Jafnréttisstofu þegar kemur að eftirliti með lögum þessum.

<sup>1)</sup> Rg. 220/2017, sbr. 414/2019.

**■ 19. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. september 2018.

**■ Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Ráðherra skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynthjónu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.